

REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2006
um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002
að því er varðar skrár yfir samþykktar stöðvar sem vinna aukaafurðir dýra.**

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar skrár yfir samþykktar stöðvar í aðildarríkjunum.

2. gr.

Fylgiskjal.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

4. gr.

Samþykki opinbers eftirlitsaðila.

Þegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. kveður á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis skv. 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

5. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

6. gr.

Fiskimjöl og lýsi.

Verksmiðju, vinnslusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru til framleiðslu fiskimjöls og lýsis, má ekki nota til framleiðslu úr öðru hráefni en sjávarafurðum.

7. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.

Lagastoð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1192/2006**

frá 4. ágúst 2006

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar skrár yfir samþykktar stöðvar í aðildarríkjunum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um sérstakar kröfur varðandi reglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- 2) Til að girða fyrir alla hættu á dreifingu sjúkdómsvalda og/eða leifa er í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 kveðið á um að aukaafurðir úr dýrum skuli unnar og geymdar og þeim haldið aðskildum frá öðru í samþykkttri stöð, sem viðkomandi aðildarríki hefur tilnefnt og eftirlit er haft með, eða að þeim skuli fargað á viðeigandi hátt. Í III. og IV. kafla þeirrar reglugerðar er mælt fyrir um kröfur um samþykki fyrir slíkar stöðvar.
- 3) Í 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um að aðildarríkin skuli taka saman skrár yfir stöðvar sem eru samþykktar í samræmi við þá reglugerð.

4) Til samræmis við það er nauðsynlegt að mæla fyrir um framkvæmdarreglur um þessar skrár yfir samþykktar stöðvar, þ.m.t. framsetning upplýsinga í slíkum skráum á landsbundnum vefsetrum sem framkvæmdastjórnin og almenningur hafa aðgang að. Einnig er nauðsynlegt að koma á fót vefsetri, sem framkvæmdastjórnin skal halda utan um, varðandi þessar skrár.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við þessa reglugerð eru settar fram framkvæmdarreglur að því er varðar skrár yfir samþykktar stöðvar sem um getur í 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 208/2006 (Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 25).

VIÐAUKI

**SKRÁ YFIR SAMÞYKKTAR STÖÐVAR SEM UM GETUR Í 4. MGR. 26. GR. REGLUGERÐAR (EB)
NR. 1774/2002**

1. AÐGANGUR AÐ SKRÁM YFIR SAMÞYKKTAR STÖÐVAR

Til að auðveldara sé fyrir aðildarríkin að veita hinum aðildarríkjunum og almenningi aðgang að uppfærðum skráum yfir samþykktar stöðvar, sem um getur í 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 (hér á eftir nefndar „samþykktar stöðvar“), skal framkvæmdastjórnin koma upp vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja tengil á eigið vefsetur, eins og um getur í a-lið liðar 2.1. í þessum viðauka.

2. SNIÐ FYRIR LANDSBUNDIÐ VEFSETUR

2.1. Aðaltenglasafn á landsbundnum vefsetrum

- a) Hvert aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té tengil (linking address) á eitt innlent vefsetur þar sem finna má aðaltenglasafn yfir skrár yfir allar samþykktar stöðvar á yfirráðasvæði þess (hér á eftir nefnt „aðaltenglasafn“).
- b) Hvert aðaltenglasafn skal vera ein síða og á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins.

2.2. Aðgerðarit fyrir landsbundin vefsetur

- a) Lögbært stjórnvald skal byggja upp landsbundna vefsetrið, sem um getur í a-lið liðar 2.1. í þessum viðauka eða, eftir því sem við á, eitt þeirra yfirvalda sem um getur í i-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.
- b) Aðaltenglasöfnin, sem um getur í a-lið liðar 2.1., skulu innihalda tengla á aðrar vefsíður á sama vefsetri með skránum yfir samþykktu stöðvarnar.

Ef lögbært stjórnvald, sem um getur í a-lið liðar 2.2., sér ekki um að halda við tilteknum skráum yfir samþykktar stöðvar skal aðaltenglasafnið þó innihalda tengla á önnur vefsetur þar sem þessar skrár er að finna og sem er haldið við af einhverju öðru lögbæru yfirvaldi, einingum eða aðilum, eftir því sem við á.

3. ÚTFÆRSLA OG KÓÐAR FYRIR SKRÁR YFIR SAMÞYKKTAR STÖÐVAR

Ákveða skal útlitssnið landsbundinna skráa, þ.m.t. viðeigandi upplýsinga og kóða, til þess að tryggja breiðan aðgang að upplýsingum sem varða samþykktar stöðvar og til að gera landsbundnu skrárnar læsilegri.

4. TÆKNIFORSKRIFTIR

Þau verkefni og sú starfsemi, sem kveðið er á um í 2. og 3. málsgrein, skulu innt af hendi í samræmi við tækniforskriftirnar sem framkvæmdastjórnin birtir á Netinu.